

fram í yfirdóminum í máli þessu, sjest, að fyrir skiptarjettinum hafa legið 2 skjöl, sem málsaðilar skilja eigi á einn veg báðir, en vitnað er til í ástæðum hins áfrýjanda skiptarjettarúrskurðar, enda snerta atriði í málinu, sem ágreiningur er um milli málsaðila, og á annað skjalið, sem auðkennt var fyrir skiptarjettinum I, 3, að því skiptadómarinn álitur, að innihalda samþykki amtsins til veðsetningar á skuldabryfi tilheyrandi börnum Páls Eggerz fyrir 1000 kr. láni til að kosta sendiferð eptir börnunum til Chicago, en hitt erindisbryf sendimannsins með áteiknun amtmanns á. Með því að skjöl þessi hafa eigi verið rituð í skiptarjettargjörðirnar eða á annan hátt komið fyrir yfirdóminn, verður samkvæmt N. l. 1—5—13 og 1—6—10 að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum. Málskostnaður þykir mega falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 20. ágústmánaðar.

Nr. 6/1894:

Sigfús G. Sveinbjarnarsson

gegn

Skapta Jósepssyni vegna Bjarnar Bjarnarsonar, Þórðar Ögmundssonar og Sigurðar Þorsteinssonar, bænda á Krossi.

D ó m u r:

Hinn stefndi, kandidat Skapti Jósepsson, höfðaði

mál þetta í hjerði fyrir hönd nefndra þriggja bænda á Krossi gegn áfrýjandanum Sigfúsi G. Sveinbjarnarsyni fyrir hótunar- og ógnunarorð um bændurna, og var málið dæmt í gestarjetti Sudur-Múlasýslu 21. sept. f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða sekt til landssjóðs 100 kr. eða sæta einföldu fangelsi í 30 daga og sem málskostnað 420 kr. Dómi þessum hefir Sigfús G. Sveinbjarnarson áfrýjað til yfirrettarins til ómerkingar eða algjörðrar breytingar með stefnu, útgefinni 30. jan. þ. á., og hefir hann stefnt Skapta Jósepssyni til að mæta í sökinni. Þar sem áðurnefndir 3 bændur á Krossi voru hinir eiginlegu sóknaraðilar í hjerði, þótt þeir með skjali 18. júlí f. á. fengju Skapta fullt og ótakmarkað umboð til þess »sem dominus litis«, eins og þar er að orði komið, að lögsækja áfrýjanda »til sátta eða dóms« átti að stefna þeim við áfrýjun málsins hingað, og úr því að það hefir eigi verið gjört, verður að frávísa stefnunni ex officio. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandinn greiði stefnda eftir kröfu hans sem málskostnað fyrir yfirdómi 10 kr.

Því dæmist rétt að vera:

Stefnunni í máli þessu frávísast. Áfrýjandinn, Sigfús G. Sveinbjarnarson, greiði hinum stefnda, kandiðat Skapta Jósepssyni, 10 kr. sem málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.